



FJARÐABYGGÐ

# HEIÐARVEGUR - EFSTAGERÐI

DEILISKIPULAG ÍBÚÐARSVÆÐIS  
NORDAN HÆÐARGERÐIS  
Á REYÐARFIRÐI

## SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

Skilmálar þessir fylgja deiliskipulagi  
Dags: 13.02. 2002

Tæknideild Fjarðabyggðar  
13.02. 2002  
Skipulagsfulltrúi

## **HEIÐARVEGUR - EFSTAGERÐI.**

### **ÍBÚÐARSVÆÐI NORDAN HÆÐARGERÐIS Á REYÐARFIRÐI.**

#### **1. Gildissvið**

Skilpulag þetta tekur til lóða nr. 26 og 28 við Heiðarveg, 1a, 1b, 7a og 7b við Hæðaqrgerði allra lóða við Efstagerði, eins og þeim er lýst á skipulags-uppdrætti.

#### **2. Eignarhald**

Svæðið er í eigu Fjarðabyggðar.,

#### **3. Nýting**

Nýtingarhlutfall lóða skal vera eins og fram kemur á skipulagsuppdrætti og skal meðaltal hæsta og lægsti nýtingarhlutfalls viðkomandi lóðar haft til viðmiðunar við gjaldtöku.

#### **4. Notkun**

Hverfið er nánast eingöngu ætlað fyrir íbúðabyggð og byggingar henni tengdri, svo sem bílskúra, garðhýsi og þess háttar. Ekki má byggja hús til annara þarfa innan svæðisins.

Um er að ræða lóðir fyrir:

Einbýlishús,	3 íb.
Parhús	6 íb.
Raðhús	8 íb.
Samtals:	17 íb

Öll starfsemi er valdið getur sjón-, lyktar- eða hljóðmengun, eða sem kallar á umferð um hverfið umfram það sem ella væri er óheimil.

Öll óþarfa umferð og staða stórra bifreiða og vinnuvéla er óheimil á svæðinu.

## **5. Húsagerðir.**

Fjöldi hæða skal vera eins og fram kemur á uppdrætti.

Pakhalli skal vera frá 1:4 upp í 1:1.

Ekki er heimilt að hafa kjallara undir húsum.

Gera skal ráð fyrir bílskúr á hverri lóð, og skal hámarksstærð þeirra vera 40 m<sup>2</sup>.  
Pakhalli á frístandandi bílskúrum skal vera í samræmi við þakhalla íbúðarhúss.

Ysta byrði veggja skal vera úr timbri, steinsteypu eða öðrum þeim efnum sem byggingarnefnd samþykkir. Gera skal grein fyrir efnisvali og áferð utanhússflata á byggingarteikningum.

Litavali skal hagað í samræmi við góða venju þar um.

## **6. Byggingarreitir.**

Á lóðaruppdrætti sem lóðarhafi fær við úthlutun skal sýna byggingarreiti hverrar lóðar.

Íbúðarhús og bílskúra skal staðsetja innan byggingarreits, og er þá miðað við ysta borð útveggjar.

## **7. Skipulag lóða.**

Stærð, staðsetning og lögun lóða skal vera eins og hún er sýnd á skipulagsuppdrætti.

Byggingarnefnd getur farið fram á, að lóðarhafi skili uppdrætti er sýni í höfuðatriðum skipulag lóðar.

Á lóðum íbúðarhúsa skal jafnan gera ráð fyrir einu bifreiðastæði vegna hverrar íbúðar og einu gestastæði að auki.

Óheimilt er að geyma báta, óskráð ökutæki, byggingarefni, eða annað rusl á lóðum í hverfinu. Byggingarfulltrúi getur látið fjarlægja slíkt með eins mánaðar fyrirvara og án frekari tilkynninga.

## **8. Kvaðir.**

Kvaðir um fría útsýn eru á lóðarhornum við gangstíga 5m í hvora átt mælt frá lóðarhorni. Á þessum svæðum má ekki koma fyrir gróðri, grindverkum, eða neinu öðru sem hærra er en 1/5 hluti fjarlægðar þess frá lóðarmörkum. Áðrar kvaðir á lóðum sem auðkenndar eru á uppdrætti eru vegna fráveitu

## **9. Lóðarveiting**

Lóðarhafa skal við veitingu lóðarinna afhenda skilmála þessa, ásamt lóðarblaði er sýni stærð, og legu lóðarinna, byggingarreit, nýtingar-hlutfall og fjölda hæða. Einnig skal á lóðarblaði sýna hæðarkóta plötu, lóðarhorna og tengingar fráveitu. Lóðum er úthlutað í því ástandi sem þær eru á úthlutunardegi.

Lóðarhafi skal eigi síðar en einum mánuði eftir lóðarveitingu greiða hluta gatnagerðagjalds sbr. gjaldskrá um gatnagerðargjöld, ella verður lóðarveitingin sjálfkrafa ógild.

Lóðarhafi skal innan 8 mánaða frá lóðarveitingu leggja fram Aðaluppdrætti og sækja um byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð til samþykktar.

## **10. Skil teikninga og meistaraábyrgðir.**

Lóðarhafi skal skila byggingarnefnd öllum tilskildum teikningum, þar með töldum sérteikningum, styrkleika- og lagnateikningum, áður en framkvæmdir hefjast. Teikningar skulu gerðar af hönnuðum sem til þess hafa réttindi að lögum og lagt hafa fram ábyrgðartryggingu, svo sem byggingarreglugerð segir til um.

Áður en framkvæmdir eru hafnar skulu liggja fyrir ábyrgðaráritanir byggimgarstjóra og meistara, sem til þess hafa réttindi að lögum og lagt hafa fram ábyrgðartryggingu svo sem byggingarreglugerð segir til um.

## **11. Gröftur og framkvæmdir.**

Ekki er lóðarhafa heimilt að nota annað svæði en hina úthlutruðu lóð meðan á byggingarframkvæmdum stendur. Uppgröft sem ekki þarf til jöfnunar lóðar skal flytja burt á þann stað sem byggingarfulltrúi vísar á.

Lóðarhafi skal gæta þess, að ekki stafi hætta af framkvæmdum á meðan þær standa yfir, né heldur af byggingarefnri, vegna foks, rykmengunar eða annara óþæginda, umfram það sem óhjákvæmilegt má kalla.

Teikningar og önnur gögn um verkið skal hafa tiltækar og til sýnis á byggingarstað, þegar byggingarfulltrúi fer fram á það.

Byggingarstjóri er ábyrgur fyrir því, að byggingarfulltrúa sé gert aðvart, þegar hverjum verkáfanga er lokið, vegna úttekta og eftirlits.

Óheimilt er að taka byggingu í notkun, eða hluta hennar, án samþykkis byggingarfulltrúa.

## **12. Verkhraði.**

Sökkum og jarðvegsfyllingum í þá skal lokið innan eins árs frá útgáfu byggingarleyfis.

Bygging skal vera fokheld innan þriggja ára frá útgáfu byggingarleyfis.  
Byggingarframkvæmdum skal að öðru leyti haldið áfram með eðlilegum hraða.

Lóð skal jafna og loka jarðvegsfirborði með varanlegum hætti (sáning, þökulagning, hellulögn o.p.h.) innan tveggja ára frá því að hús er tekið í notkun.

## **13. Viðurlög.**

Um brot á skilmálum þessum skal farið með að sama hætti og með brot gegn gildandi byggingarreglugerð, sbr. 11. kafla hennar.

## **14. Frekari ákvæði.**

Auk skilmála þessara ber lóðarhafa, hönnuðum, byggingarstjóra og byggingarmiesturum að hlíta ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar sem og þeirra laga er þar er vísað til og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Samþykkt í Bæjarstjórn Fjarðabyggðar,

þann. 21. febrúar 2002

